

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um rekstur á lömbum til lífs yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis.* 118
17. sept

— Hreppsnefndirnar í Vatnsleysustrandar, Rosmhvalaness, Hafna- og Grindavíkurhreppum í Gullbringusýslu hafa farið þess á leit, að fá fullt leyfi til að reka til sín lífsfje úr hinum heilbrigðu sveitum, með nákvæmu eptirliti hins opinbera á því, að fje það, er til lífs ætti að reka í þessa hreppa, kæmi ekki saman við annað fje, meðan það yrði rekið gegnum hið grunaða svæði, svo að þessi nýi fjárstofn mætti áltast ógrunaður, og hins vegar óháður umsjón hins opinbera allt svo lengi enginn grunur lægi á því, að hann hefði samgöngur við grunað fje, en til að varna þessu telja hreppsnefndirnar nóg að hafa vörð milli nefndra hreppa og nærsveitanna á næstkomanda sumri, og svo lengi sem nokkur kláðagrunur er.

Út af þessu vil jeg tjá yður, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að jeg eptir því sem kunnugt er um landslagið í Gullbringusýslu verð að álíta það alveg ómögulegt, að fá með verði nægilega tryggingu gegn fjársamgöngum milli 4 suðurreppa Gullbringusýslu og nærsveitanna, einkum þegar fje það, sem sett er á vetur, er rekið gegnum þessar sveitir. Slikur vörður mun og aldrei hafa verið haldinn áður, svo að nokkru gagni hafi orðið, og þegar suðurreppum Gullbringusýslu var skipað heimagæzla sumarið 1875, kom ekki til tals að hafa vörð annarstaðar en frá Ósaboðnum að Njarðvíkurfitjum; en það virðist ekki til mikils að undanþiggja þennan eina hrepp frá umsjón hins opinbera, enda reyndist hinn síðastnefndi vörður alveg ótryggur.

Þeir menn, sem setja fje á vetur í 4 suðurreppum Gullbringusýslu, verða því að vera háðir hinum sömu tryggingarráðstöfunum gegn fjárkláðasýkinni, sem nauðsynlegar hafa þótt annarstaðar, þar sem fjársamgöngur hafa verið við kláðagrunaðar sveitir. Aftur á móti virðist vera ástæða til, með sjerstöku tilliti til hins bágborna ástands í tjeðum hreppum og til þess, að þeir munu geta fengið fje keypt með vægara verði fyrir utan kláðasvæðið en á því, að leyfa mönnum að reka að lömb úr sveitunum fyrir austan Ölvesá, Hvítá og Brúará, þó þannig, að nákvæmar gætur verði hafðar á því, að ekkert fje eldra en frá í vor verði rekið til ásetnings úr tjeðum sveitum með lömbunum, og býst jeg við, að þjer sjáið um, að hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu gjöri hinar nauðsynlegu ráðstafanir í þessu tilliti.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu á uppbótarfje handa nokkrum prestaköllum.* 119
18. sept

— Í brjefi frá 7. p. m. hafð þjer, herra biskup, skýrt frá því, að ekki hafi verið sótt um prestaköllin Stað í Súgandafirði og Presthóla nje um Kviabekks prestakall, sem prestur sá, er þar var, hefur fengið lausn frá; en þessum brauðum var með brjefum mínum frá 17. janúar f. á. og 5. apríl p. á. úthlutað í uppbót samtals 700 kr.; og leggið þjer til, að þessu fje verði skipt, eins og nú skal greina:

Mývatnsþing	200 kr.
Álptamýri	100 —
Flatey	100 —
Hrepphólar	60 —
Sandfell (auk 46 kr., sem þessu prestakalli voru lagðar 5. apríl)	50 —
Lundur	30 —
Staður á Snæfjöllum og Kirkjubólþing	40 —

Hinn 20. nóvbr. 1877.

119
18. sept.

Vogsósar	20 kr.
Einholt	20 —
Fljótshlíðarþing (auk 20 kr. 5. apríl)	20 —
Knappstaðir (auk 20 kr.)	20 —
Þönglabakki (auk 20 kr.)	20 —
Grimsey (auk 22 kr.)	20 —

Þessar tillögur eru hjer með samþykktar.

120 — *Brjef landshöfðingja til prófests sira Eiríks Briems um styrk til að leysa*
18. sept. *af hendi stýrimannsþróf. — Með þessu brjefi var Sigurði nokkrum Sigurðs-*
syni frá Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, er prófasturinn hafði kennt stýrimannsþróði, veittur
200 kr. styrkur til að leysa af hendi stýrimannsþróf í Kaupmannahöfn, og prófastinum
veitt 50 kr. þóknun fyrir að hafa kennt Sigurði undir þetta þróf.

121
24. sept.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kartöflufluguna. —*
Eins og sjá má af umburðarbrjefi frá innanríkisstjórnarherra til allra amtmanna í
Danmörku, sbr. þ. á. Ministerialtid. A nr. 149, hefir kartöfluflugan gjört vart við sig
viða á Þýzkalandi. Með því að eigi er uggvant eptir þessu, að hún kynni að flytjast til
Íslands með þýzkum kartöflum, eruð þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir
að leiða athygli landsbúa að þessari hættu, og skora á almennung að segja hreppstjóra
eða lögreglustjóra tafarlaust til, ef kvikindi þetta gjörir vart við sig, og fylgja brjefi þessu
nokkrar myndir af því til útþýtingar. Ef unnt er, skal jafnframt senda hreppstjóra eða
lögreglustjóra nokkur sýnishorn af flugunni, og ber lögreglustjóra að gjöra tafarlaust ráð-
stafanir til að eyða henni, og senda landshöfðingja sem fyrst skýrslu um, að flugunnar
hafi orðið vart.

122
5. okt.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
rannsókn á dýrasjúkdómum. — Jafnframt því að senda yður, herra amt-
maður, skýrslur dýralæknis Snorra Jónssonar frá 9. desbr. f. á. og 23. maí þ. á. um
rannsóknir hans á dýrasjúkdómum í Múlasýslum, bið jeg mjer tjáðar tillögur yðar, eða
ef þjer skylduð finna tilefni til að bera mál þetta upp fyrir amtsráðinu, þá ráðsins um það,
hvort amtið óski styrks úr landssjóði til þess að geta látið tjeðan dýralækni halda áfram
rannsóknnum sínum næsta ár, og vænti jeg þá um leið að fá tilkynningu yðar um, hve
mikið fje búast megi við, að amtið leggi fram í þessu tilliti.

Í sambandi hjer við skal þess getið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir
hlutaðeiganda, að jeg sje mjer ekki fært að láta útborga að ári dýralækni Snorra Jóns-
syni neinn styrk úr landssjóði, nema því að eins að amtið geti notað aðstoð hans, þar
sem alþingi bæði felldi frumvarp stjórnarinnar um skipun dýralækna og uppástungu
frá mjer um að taka laun dýralæknisins inn í fjárlögin.

123 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
11. okt. *verðlaun fyrir björgun úr sjávarháaska. — Samkvæmt tillögum yð-*